

L Ö G**um breyting á almennum hegningarlögum,
nr. 19 12. febrúar 1940.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ný grein, 173. gr. b laganna, orðast svo:

Hver, sem tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti gegn 173. gr. a, skal sæta fangelsi allt að 10 árum. Sömu refsingu skal sá sæta sem geymir eða flytur slíkan ávinning, aðstoðar við afhendingu hans eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíku broti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. maí 1993.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.***L Ö G****um breytingu á lögum um útflutning hrossa, nr. 64/1958,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. málsl. 3. gr. laganna orðast svo: Landbúnaðarráðherra ákveður þóknun fyrir skoðun hrossanna og eftirlit með útflutningnum og greiðist hún af eigendum hinna útfluttu hrossa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. maí 1993.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Halldór Blöndal.